



Tófan og spóinn

Einu sinni hitti tófan spóa úti í móum.

– Viltu borða með mér? spurði tófa.

Ég hef góðan mat á borðinu í dag.

– Þakka þér fyrir, góða, sagði spóinn.

Svo fór hann heim með tófunni.

Tófa átti góða súpu í potti sínum.

Hún bar hana inn á grunnum disk.

Spóinn reyndi að borða súpuna

en hann náði ekki í neitt, ekki bragð.

Tófan át upp alla súpuna.

En spóinn sat hjá og fékk ekki neitt.

– Súpan þín lyktar vel, sagði spóinn.

Tófan hló og hló og sagði:

– Mér þykir vænt um að þér líkar hún.

Svo flaug spóinn heim til sín.

- **Hvað merkir grunnur diskur?**
- **Hvað er andheitið við grunnur?**
- **Hvað merkir að sitja hjá?**
- **Hvers vegna fékk spóinn enga súpu?**

Einu sinni hitti spóinn tófu úti í móum.
– Hvenær kemur þú til mín? spurði spóinn.
Viltu koma og borða með mér í kvöld?

– Þakka þér fyrir, sagði tófa.
Tófan fór nú heim til spóans.
Spóinn átti góða súpu í potti.
Hann bar hana inn í hárrí könnu.

– Ég veit þér þykir hún góð, sagði spóinn.
Tófan reyndi að borða súpuna
en hún náði ekki í neitt, ekki bragð.
Hún kom ekki trýninu ofan í könnuna.

Spóinn át upp alla súpuna.
Hann náði í botn í könnunni
með langa, mjóa spóanefinu sínu.
En tófan sat hjá og náði ekki í neitt.

– Var ekki súpan góð? spurði spóinn.
– Ég hef ekki bragðað hana, sagði tófan.
– Jæja, þá veist þú hvernig mér hefur þótt
að borða hjá þér um daginn, sagði spóinn.

Þetta var tófunni mátulegt fyrir hrekkina.
Nú fann hún hvað hún hafði verið vond
við veslings spóann.

- **Hvað er trýni á tófu?**
- **Af hverju fékk tófan enga súpu?**
- **Hvað merkir orðið hrekkur?**
- **Búðu til stutt leikrit eða samtalsþátt úr sögunni.**